

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Þorsteinn Narfason  
Innrimel 3  
301 Akranes

Reykjavík, 29. september 2023  
UST202309-085/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Haugsetning setefnis - Orka Náttúrunnar. Umsögn**

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um haugsetningu setefnis úr Lóni Andakílsárviðkjunar á nokkur haugsvæði í landi Syðstu-Fossa. Magn setefnis gæti verið um 70.000 m<sup>3</sup>.

Umhverfisstofnun telur vel til fundið að haugsetja efni á fleiri stöðum. Ýmist verður gróður á haugsvæðum endurheimtur eða svæðin þar sem lítill gróður er fyrir verða grædd upp.

Inntakslónið er ekki skilgreint sem sérstakt vatnshlot og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir m.t.t. til laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að reynt verði að hindra fok úr haugsvæðum eins og kostur er.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**